

39. gr.

22

Af fje því, sem stendur inni hjá bankanum á hlaupareikningi skal 8. apr. greiða 1% í vexti um árið, nema bankastjórnin sjái sjerstakar ástæður til þess, að bankinn greiði hærri vexti. — Af upphæðum, sem nema 5000 kr. og þar yfir, er bankinn eigi skyldur að greiða vexti, þegar fjeð hefur staðið í bankanum skemur en 30 daga.

40. gr.

Heimilt er hverjum að sjá hlaupareikning sinn í bókum bankans, og einnig umboðsmanni hans, en varast verður, að hann sjái reikninga annara manna.

Í bankastjórninni, Reykjavík 29. marz 1894.

Tryggvi Gunnarsson. B. Kristjánsson. Eiríkur Briem.

*

*

*

Reglugjörð þessi samþykkist hjer með, og fellist jafnframt úr gildi Reglugjörð fyrir landsbankann í Reykjavík, dags. 5. júní 1886, og breytingar þær og viðaukar, er gjörðir hafa verið við tjeða reglugjörð.

Reykjavík, 8. apríl 1894.

Landshöfðinginn yfir Íslandi

Magnús Stephensen.

Hannes Hafstein.

Reikningur

23

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Örum & Wulffs 1893.

3. jan.

Tekjur: Kr. a. Kr. a.

1. Eign sjóðsins 1. jan. 1892:

a. Innritunarskírteini A, fol. 92	4000 »	
b. Í peningum	24 95	4024 95

2. Leigur af innritunarskírteini A, fol. 92, frá 11. júní '92

til 11. júní '93	140 »	
	Kr. 4164 95	

Tekjur:

1. Styrkur veittur Karl F. Jensen á Eiðum 150 »

2. Í sjóði við árslok 1883:

a. Innritunarskírteini A, fol. 92	4000 »	
b. Í peningum	14 95	4014 95
	Kr. 4164 95	

Akureyri, 3. jan. 1894.

J. Havsteen. P. Guðjohnsen.

Reikningur

24

yfir tekjur og gjöld söfnunarsjóðs Íslands árið 1893.

28. febr.

Tekjur:

I. Sjóður við árslok 1892: